




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 14 - JAN. '80



Ein frægðarför

"Við félagarnir, ég, Ásti átta og þeir Fríssi fleygur, Elli extreme og Sig.Siggi (stamar) gerðum okkur ferð í sumar upp á Kerhólakamb (Mt. Esja 2795,27 ft.). Átlunin var nú ekki að gorta neitt en vegna fjölda áskoranna verður nú sagt frá þessu eins og það gekk fyrir sig. Öreyndu auga gæti fatast skarpskyggnin og dæmt leiðina auðveldu uppgöngu og augljósa, en reyndin er nú önnur vinur/vina. Sko, hætturnar eru margar. T.d. er mjög auðvelt að drepast úr leiðindum, verða bitinn af hundunum á Esjubergi, lenda í hlífslýsi á Vesturlandsvegi eða hverfa í drulluna á hlaðinu undan þungum byrðunum. Einnig er hægt að hrapa niður í hrikaleg gilin þegar reynt er að svindla sér fram fyrir í röðinni upp fjallið.

Við bundum okkur í línu rétt fyrir ofan bæinn til að týna ekki hver öðrum í mannfjöldanum. Við vorum greinilega þeir vönustu í ferðinni því hvergi sáuð við neinn í Whillans-stól - hvað þá með karabínur, fleyga eða svoleiðis.

Fyrstu erfiðleikarnir voru fölgirnir í klettabelti neðst í fjallinu en þar var búið að "fixa línu" og við vorum, sem betur fer, allir með júmara. Ekki sáuð við hvernig hinir fóru að, en erfitt hlýtur það að hafa verið. Hvað um það, Elli extreme leiddi alla leið upp, en þurfti síðan að síga niður til að hjálpa Sigga - hann flækti sig ne..ne..nefnilega í línunni. Fólkinu fyrir neðan var farið að leiðast biðin svo við flýttum okkur áfram. Fyrir ofan tók við löng brekka. Við létum hana ekki aftra okkur og höldum þegar í stað upp hliðina. Ja, eða eftir smá pásu. Þunna loftið fór smám saman að herja á Fríssa svo við ráðlögðum honum að taka út úr sér sigarettuna. Hann tók því illa og kenndi broddunum um ófarir sínar. Hann hefur,

skal ég segja ykkur, verið á ís-klifurnámskeiði hjá Alpklúbbnum og þar sem við hinir þekktum ekki til slíkra námskeiða tókum við hann trúanlegan. Svo fór að hann neyddist til að losa sig úr línunni og sagðist atla að bíða á meðan við gerðum atlögu við tindinn.

Okkur gekk nú sémilega greiðlega þar til við komum upp á Öxlina undir tindinum. Var þá mjög af öllum dregið. Þótti nú ljóst að hamborgarnir sem við áttum niðri á Umferðarmiðstöð væru farnir að segja til sín. Við hörkuðum af okkur um stund, en það þýðir ekki að deila við dóm-arann og hver verður að þekkja sinn vitjunartíma eða svoleiðis. Þarna endaði sem sagt áhlaup þetta.

Eftir að hafa hvílst um stund héldum við niður. Á leiðinni tókum við Fríssa í línuna aftur. Var hann heldur borubrattari því honum hafði hugkvæmst að taka af sér broddana. En því niður voru allir löngu farnir af fjallinu svo við lentum í smá brasi við að finna réttu leiðina niður klettabeltið. Eftir smá útreikninga og kortalestur komumst við að þeirri niðurstöðu að það væri kannski snjallt að fara á þessi áttavitanámskeið sem stundum er verið að auglýsa. Loks fundum við "fixeruðu línurnar" og þóttumst hólpnir. Þegar við komum í rútuna hétum við því að fara betur útbúnir næst. Og síðast en ekki síst: Enga hamborgara takk,!"

Hlerað á opnu húsi fyrir skömmu.

Snævarr Guðmundsson
Torfi Hjaltason.